

AKUREYRI

Mannlaus bátur á reki við Grenivík

Leit að manni sem var að leita að bát sínum

LEIT var gerð að eiganda lítillar jullu sem fannst mannlaus á reki skammt frá landi út af Grenivík í gærmorgun. Á meðan björgunarsveitarmenn leituðu eigandans var hann sjálfur að leita að bát sínum á öðrum slóðum, en upp komst um misskilninginn um hádegisbil.

Félagar í björgunarsveit Slysavarnafélags Íslands, Ægi á Grenivík, voru kallaðir út klukkan rúmlega 10 í gærmorgun eftir að mannlaus julla hafði fundist á reki skammt frá landi út af Grenivíkinni. Bentu allar líkur til að maður, eigandi bátsins, hefði fallið útbyrðis en við eftirgrensland heima fyrir og á fleiri stöðum fannst hann ekki.

Kallaðir voru út 27 menn til leitar auk þess sem fengnar voru fjórar trillur af Grenivík til aðstoðar við leitina. Leitað var í vikinni og fjórir gengnar án árangurs.

Misskilningur

Eigandi bátsins vissi til þess að hann hafði losnað í fyrrakvöld og taldi að hann hefði rekið inn með landi og fór því til leitar á þeim slóðum.

■ **POPPHLJÓMSVEITIN Pláhneta** leikur á tveimur stórdansleikjum um páskaheggin. Í kvöld, miðvikudagskvöldið 30. mars, leikur hljómsveitin á **Blönduósi** en á sunnudag, 3. apríl verður leikið í félagsheimilinu **Ydölum** í **Aðaldal** og hefst sá dansleikur á miðnætti og stendur til kl. 03.

■ **SAMTÖK um sorg og sorgarviðbrögð** verða með sameiginlega samveru með fyrribæna-stundinni í Akureyrarkirkju annað kvöld, fimmtudagskvöldið 31. mars kl. 20.30.

Um hádegisbil kom eigandinn til Grenivíkur þar sem leit að honum stóð sem hæst, en björgunarsveitarmenn voru þá þegar komnir á slóð hans.

Miðstöð fólks í atvinnuleit

Viðbrögð við atvinnumissi

BJÖRG Bjarnadóttir fulltrúi Sálfræðideildar skóla er gestur í Miðstöð fólks í atvinnuleit í Safnaðarheimili Akureyrarkirkju í dag, miðvikudaginn 30. mars.

Björg mun ræða um viðbrögð við atvinnumissi og ýmsa erfiðleika sem mæta hinum atvinnulausu og hugleiða hvernig best er að bregðast við í þeirri stöðu. Hún mun nota myndglæsur til skýringar máli sínu og svara fyrirspurnum viðstaddra.

Miðstöðin er opin frá kl. 15 til 18. Kaffi og brauð verður að vanda á boðstólum þátttakendum að kostnaðarlausu og dagblöðin liggja frammi. Þá verða ýmsar tilkynningar einnig á dagskrá.

Nánari upplýsingar um starf Miðstöðvarinnar eru gefnar í síma Safnaðarheimilisins milli kl. 15 og 17 á þriðjudögum og föstudögum.



Morgunblaðið/Jónas Baldursson

Gamla neyðarstöðin

PÁLMI Laxdal eftirlitsmaður með eina af hinum eldri neyðarstöðvum, en nú er búið að endurnýja stöðvarnar í Fjörðum og Látraströnd.

Endurnýjun neyðarstöðva í Fjörðum og Látraströnd

Grýtubakka, Grenivík.

ENDURNÝJUN neyðarstöðva í Fjörðum og Látraströnd var lokið um síðustu helgi þegar björgunarsveitarmenn frá Björgunarsveit Slysavarnafélags Íslands, Ægi á Grenivík, gengu frá neyðartalstöð í skýli sem stendur í minni Þorgeirsfjardar.

Búið var að endurnýja stöðvar í skýlunum í Keflavík og Látrum fyrir nokkrum árum en neyðarstöðvar þar voru komnar til ára sinna fyrir all löngu og veitti ekki af að gerð yrði bragarbót þar á.

Gott samband

Að sögn Pálma Laxdal eftirlitsmanns skýlanna á vegum Ægis gekk ferðin vel en farið var á vélsléðum enda nógur snjó í Fjörðum. Pálmi sagði að gott samband hefði náðst til Siglufjarðar þegar neyðarstöðin var prófuð.

Svo virðist sem ferðamannatíminn sé að hefjast í Fjörðum því tveir hópar fólks á skíðum gistu þar um síðustu helgi, annar í sæluhúsinu að Gili og hinn í tjöldum á Leirdalsheiði.

Jónas

164 listamenn fá starfslaun

ÚTHLUTUNARNEFNDIR listamannalauna hafa lokið störfum. Alls bárust 498 umsóknir um starfslaun listamanna 1994. Listasjóði bárust 125 umsóknir, Launasjóði myndlistarmanna bárust 178 umsóknir, Launasjóði rithöfunda bárust 170 umsóknir og Tónskáldasjóði bárust 25 umsóknir. Listamannalaun samsvara launum lektors við Háskóla Íslands og nema þau rúmlega 92 þúsund krónum á mánuði.

Eftirtöldum listamönnum voru veitt starfslaun sem hér segir:

Úr Listasjóði

3 ár

Arnar Jónsson, Sigrún Eðvaldsdóttir.

1 ár

Auður Hafsteinsdóttir, Ármann

Guðmundsson, Kjartan Ragnars-son, Lára Rafnsdóttir, Martial Guðjón Nardeau, Rut Ingólfssdóttir.

6 mánuðir

Ágúst Guðmundsson, Ásdís Skúladóttir, Edda Heiðrún Backman, Guðni Fransson, Hafliði Arngrímsson, Hallveig Thorlacius,

Ingibjörg Guðjónsdóttir, Ingvar Jónasson, Jóhanna Jónasdóttir, Kolbeinn Ketilsson, Laufey Sigurðardóttir, Marta Guðrún Halldórsdóttir, Pétur Eggerz, Sigríður M. Guðmundsdóttir, Sigrún Hjálmtýsdóttir, Sigrún Valbergsdóttir, Steinunn Birna Ragnarsdóttir, Valdimar Örn Flygenring, Örn Arnason.

Úr Launasjóði myndlistarmanna

3 ár

Birgir Andrésson, Ívar Valgarðsson, Sigurlaug Jóhannesdóttir, Svava Björnsdóttir.

1 ár

Árni Ingólfsson, Borghildur Óskarsdóttir, Daníel Magnússon, Eyjólfur Einarsson, Magnús Kjartansson, Margrét Jónsdóttir, Sigríð Valtingojer, Þór Vigfússon.

6 mánuðir

Finna Birna Steinsson, Guðrún Gunnarsdóttir, Gylfi Gíslason, Haraldur Jónsson, Jón Sigurpálsson, Kjartan Ólason, Kristbergur Óðinn Pétursson, Margrét Magnúsdóttir, Ólafur Lárusson, Ólafur Sveinn Gíslason, Páll Guðmundsson.

Úr Launasjóði rithöfunda

3 ár

Einar Már Guðmundsson.

1 ár

Böðvar Guðmundsson, Fríða Á. Sigurðardóttir, Gyrðir Elíasson, Ingibjörg Haraldsdóttir, Linda Vil-

hjálmstöddir, Ólafur Haukur Símonarson, Sigurður Pálsson, Vigdís Grímsdóttir, Þorsteinn frá Hamri.

6 mánuðir

Andrés Indriðason, Anton Helgi Jónsson, Árni Ibsen, Birgir Sigurðsson, Björn Th. Björnsson, Bragi Ólafsson, Einar Bragi, Elísabet Kristín Jökulsdóttir, Erlingur E. Halldórsson, Geirlaugur Magnússon, Guðjón Sveinsson, Guðlaugur Arason, Guðmundur Páll Ólafsson, Guðmundur Steinson, Hallgrímur Helgason, Hannes Sigfússon, Hjörtur Pálsson, Idunn Steinsdóttir, Illugi Jökulsson, Jón Óskar, Jónas Þorbjarnarson, Kristín Ómarsdóttir, Kristín Steinsdóttir, Kristján Jóhann Jónsson, Kristján Kristjánsson, Magnea Magnúsdóttir, Nína Björk Árnadóttir, Oddur Björnsson, Ólafur Gunnarsson, Óskar Árni Óskarsson, Páll Pálsson, Ragnheiður Sigurðardóttir, Rúnar Helgi Vignisson, Sigfús Bjartmarsson, Sigfús Daðason, Sigurður A. Magnússon, Sigurjón B. Sigurðsson, Þorgeir Þorgeirsson, Þorvaldur Þorsteinsson, Örnólfur Arnason.

Úr Tónskáldasjóði

3 ár

Hafliði Hallgrímsson.

1 ár

Hróðmar Ingi Sigurbjörnsson, Jón Hlöðver Áskelsson.

6 mánuðir

Atli Ingólfsson, Jón Anton Speight.

Auk þess voru veitt listamannalaun til þeirra sem fengu lista-

mannalaun áður fyrr og voru 60 ára eða eldri við gildistöku laganna um listamannalaun, sbr. 3. gr. laga nr. 35/1991, og ekki fengu starfslaun. Hver fær styrk af fjárhæð kr. 90.000. Þeir eru:

Agnar Þórðarson, Ármann Kr. Einarsson, Árni Björnsson, Ásgerður Búadóttir, Benedikt Gunnarsson, Bragi Ásgeirsson, Bragi Sigurjónsson, Einar G. Baldvins-son, Eiríkur Smith, Eyþór Stefáns-son, Elías B. Halldórsson, Filippía Kristjánsdóttir, Gísli Halldórsson, Gísli Magnússon, Gísli Sigurðsson, Guðmunda Andréddóttir, Guðmundur L. Friðfinnsson, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Ingi Kristjánsson, Gunnar Eyjólfsson, Gunnar Dal (Hall. Sig.), Hallgrímur Helgason, Helgi Sæmundsson, Herdís Þorvaldsdóttir, Hjörleifur Sigurðsson, Hrólfur Sigurðsson, Hörður Ágústsson, Jóhannes Jóhannesson, Jóhannes Helgi Jónsson, Jóhannes Geir Jónsson, Jón Ásgeirsson, Jón Dan Jónsson, Jón Þórarinnsson, Jónas Arnason, Kjartan Guðjónsson, Kristinn Hallsson, Kristinn Reyrr, Kristján Einarsson, Magnús Blöndal Jóhannsson, Magnús Jónsson, Ólöf Pálsdóttir, Óskar Aðalsteinn, Pjetur Friðrik Sigurðsson, Róbert Arnfinnsson, Rúrik Haraldsson, Rögnvaldur Sigurjónsson, Sigurður Hallmarsson, Sigurður Sigurðsson, Skúli Halldórsson, Stefán Júlíusson, Steingrímur Sigurðsson, Svava Jakobsdóttir, Sveinn Björnsson, Veturliði Gunnarsson, Vilborg Dagbjartsdóttir, Þórunn Elfa Magnúsdóttir, Þuríður Pálsdóttir, Örlýgur Sigurðsson.

Vetrarkátid 94

Flug, bíll
og skemmtanir

Upplýsingar: Sími 96-24442.

Akureyri

